

Alþingi
Erindi nr. Þ (40) / 1
komudagur 7.10.2011

Sarah M. Brownsberger
Nönnustíg 3
220 Hafnarfirði
sarahbrownsberger@gmail.com
s.849 8637

6. október 2011

Kæru Ragnheiður E. Árnadóttir og Velferðarnefnd Alþingisins,

Þetta bréf varðar tillöguna um leyfi staðgöngumæðrunar í kærleiksskyni, en ég er búsett hérlendis og hef magistersgráðu frá Harvard í ‚verklegrri‘ guðfræði (siðfræði á opinberum vettvangi).

Til að komast að siðferðilegri niðurstöðu í hvaða máli sem er, þarf að byrja á því að gera fulla grein fyrir mannlegri merkingu fyrirbærisins sem um er að ræða. Til dæmis, afbrotamaður þarf að skilja reynslu fórnarlambins, ekki bara fjarhagslegt tjón, til þess að öðlast fyrirgefningar.

Áhrifamáttur þeirrar reynslu, að fæða, stafar ekki af félagslegri ákvörðun heldur eðli okkar: Á hnettinum er engra vera afkvæmi hátt ‚foreldrum‘ sínum jafn lengi og mannaörn.

Meðgangn býr móðurina sálfræðilega sem líkamlega undir margra ára áreynslu—hvort sem afstaða konunnar til barnseigns sé jákvæð eða ekki, hvort barnið lifi eða deyji, og þótt það sé ætlað öðrum uppalendum. Þessi undirbúningur fer ósjálfrátt af stað í öllum tilfellum, eins og móðurmjólkinn. Því verður að áætla, að kona sem fæðir barn mun vera móðir þess, þótt eggjið sem barnið óx úr hafi komið úr annarri konu. Þó skipta erfðir sköpum líka og togstreita er hér eðlileg.

Hugtakið ‚staðgöngumæðrun í kærleiksskyni‘ gerir ráð fyrir því að móðirin sem gengur með barnið, finni til kærleik gagnvart uppalendum barnsins. Staðgöngumæðrun systra, frænka, og vinkvenna hlýtur að vera ein mesta og fallegasta rausn sem mannkynið þekkir, ásamt þeirri ást kvenna og stúlkna sem gefa barn sitt í fóstur barnanna vegna. Hins vegar kemur fram strax í fornsögum að móðurhvötin hefur borið mörgum siðferðilegu ofurefli, t.d. í 1. Mósebók.

Ekki nóg með það, að engin kona getur samþykkt staðgöngumæðrun með viti án þess að hafa upplifað það að fæða barn: hún skilur ekki hvað hún er að samþykkja nema hún hafi áður fædd barn og setið eftir tómhent. Enda gjörólíkar reynslur að eignast barn, og fæða og gefa—*enda stafar upplifunin ekki af ákvörðun*. Sálfræðilegi undirbúningur meðgöngunnar fer einmitt í það, að láta móðurhvötina yfirbuga einstaklingsvilja móðurrinnar: *Líkamsvitinu mun vera alveg sama um hvers vegna barnið er ekki til staðar*. Þannig getur fúsleg gjöf orðið að sárum missi, en vægi reynslunnar getur verið margar vikur, mánuði, jafnvel ár að koma fram.

Því finnst mér að grundvallarspurningarnar sem nefndin verður að velta fyrir séu tvær:

- 1) Lagaleg og siðferðileg spurning um hæfni aðila til að semja um reynslu, sem þau geta hvorki metið né ímyndað—né stjórnað. Er hægt að koma til móts við þessa óvissu?
- 2) Ef svo teljist, hvort samfélaginu sé fært um, og hvort það hafi vilja til, að styðja staðgöngumæður í samræmi við þá einstöku líkamlegu og sálfræðilegu áreynslu, sem þær upplifa til margra ára og mögulega ævilangt.

Gangi ykkur vel með þetta mikilvæga og viðkvæma mál!
Virðingarfyllst,

